

# Rómanška-Ameríka



## Efnisyfirlit

Förum til Ameríku! .....	2
Fyrstu menningarsamfélögin .....	4
Mayar .....	6
Aztekar .....	10
Inkar .....	14
Líkindi .....	18
Trúarbrögð .....	20
Útlit og tíska .....	22
Herinn .....	24
Húsdýr .....	26
Matur og ræktun .....	28
Landafundakapplaupið .....	30
Að lokum .....	32

## RÓMANSKA-AMERÍKA

© 2017 Ívar Örn Reynisson og Sigrún Elíasdóttir  
 © 2017 Kort, tímaás og teikningar bls. 25 Freydis Kristjánsdóttir

Ritstjórn: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Faglestur: Sigurður Hjartarson, sagnfræðingur, Sigrún Valdimarsdóttir og  
 Hjálmar Bogi Hafliðason, grunnskólakennarar.

Rétthafar ljósmynda og annars myndefnis eru tilgreindir í myndaskrá aftast í bókinni.

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2017

Menntamálastofnun Kópavogi

Útlit: Námsgagnastofnun

Umbrot – Helga Tómasdóttir, Prentsmið slf.

Prentun: Oddi ehf

– umhverfisvottuð prentsmiðja

# Rómanska-Ameríka



Ívar Örn Reynisson og Sigrún Elíasdóttir  
Freydís Kristjánsdóttir teiknaði myndir

## Förum til Ameríku!



*Frumbyggjar Ameríku komu frá Síberíu um landbrú þar sem nú er Beringsund. Þaðan ferðuðust þeir til S-Ameríku.*

Ameríka er sú heimsálfa sem maðurinn nam síðast. Hún er einnig, að frátöldu Suðurskautlandinu, síðasta álfan þar sem hann hóf fasta búsetu. Fræðimenn eru ekki sammála um hvenær fólk kom fyrst til Suður-Ameríku en líklegt þykir að fyrstu landnemarnir hafi farið yfir Beringsund fyrir um 40.000 árum. Þeir dreifðu sér síðan smátt og smátt suður á bóginn og fyrir um 12.000 árum síðan voru þeir farnir að nema land í Mið- og Suður-Ameríku. Fyrstu íbúarnir voru safnarar og veiðimenn sem notuðu einföld vopn og verkfæri. Þeir veiddu sér til matar, auk þess sem þeir nýttu plöntur til matar og lækninga. Um 6000 f.Kr. hófu frumbyggjarnir að taka sér fasta búsetu og rækta nytjaplöntur.

Í mörg þúsund ár lifðu frumbyggjar Ameríku án afskipta umheimsins. Alveg þangað til Kristófer

### Vissir þú

- að Cotahuasi gljúfrið í Perú er stærsta gljúfur í heimi, 3,4 km djúpt?
- að Amason fljótið er stærsta fljót jarðar?
- að Atacama eyðimörkin er þurrasti staður veraldar?
- að Amason regnskógurinn er oft kallaður lungu jarðarinnar, því hann framleiðir svo mikið súrefni?
- að í Íslendingasögum er sagt frá ferðum norrænna manna til Vesturheims?



*Landaskipan í Suður-Ameríku í dag.*

Kólabus sigldi að landi í Karíbahafinu árið 1492. Á eftir honum komu fleiri landkönnuð-ir frá Spáni og Portúgal sem kallaðir voru land-vingamenn (*conquistadores*). Þeir vildu hertaka ný lönd og eigna konungum sínum eins mikið land og mögulegt var. Það voru uppi sögusagnir um að í nýja heiminum væru miklar námur gulls og silfurs. Sumir þessara manna urðu frægir fyrir árangur en ekki síður græðgi og grimmd í garð innfæddra og eyði-loggingu á menningarverðmætum sem urðu á vegi þeirra.

### *Umræður og verkefni*

1. Skoðaðu kort af Suður-Ameríku og veltu fyrir þér hversu langt er þangað frá Íslandi. Kynntu þér hvaða lönd eru þar, borgir, vötn og ár, fjallendi og láglendi. Hvernig er loftslagið og landslagið í samanburði við Ísland?
2. Kynntu þér sögu Kristófers Kólabusar og fleiri landkönnuða t.d. Leifs Eiríkssonar sem talinn er hafa komið til Ameríku á sínum tíma.
3. Hvað breyttist við það að Evrópubúar komu til Suður-Ameríku og af hverju heldur þú að það hafi komið til átaka?

# Fyrstu menningar-samfélögin

Í þessari bók verður fjallað um fornar menningarþjóðir í Rómönsku-Ameríku. Á því svæði voru ótal þjóðflokkar og þjóðir sem ríktu í lengri eða skemmri tíma. Hér munum við fjalla um þrjár stærstu þjóðirnar: Maya, Azteka og Inka, hvað gerði þær sérstakar og líka hvað var sameiginlegt með þeim.


Mikill fjöldi samfélaga var til áður en hin stóru veldi Inka, Maya og Azteka mynduðust. Það má nefna þjóðir eins og Olmeka, Chavin, Moche, Nazca, Chimú, Tiahuanaco og Huari sem sum stóðu í hundruð, jafnvel þúsundir ára. Enn í dag eru að koma í ljós ættbálkar á Amason-svæðinu sem enginn vissi um.



- Inkar
- Aztekar
- Mayar
- Moche
- Nazca
- Olmekar
- Tiahuanaco

*Kortið sýnir elstu búsetu frumbyggja í Ameríku.*

## Framfarir samfélaga í Ameríku og helstu menningarveldin





## Rómanska-Ameríka


Til Rómönsku-Ameríku telst það svæði Ameríku þar sem rómönsk tungumál eru opinber tungumál, í þessu tilfalli spænska og portúgalska.



Nazca-þjóðin var þekkt fyrir að búa til fallega leirmuni og flikur úr bómull. Þekktust er hún þó fyrir svokallaðar Nazca-línur sem eru risastórar myndir sem hægt er að finna í eyðimörk í suðurhluta Perú. Þær eru svo stórar að aðeins er hægt að skoða þær vel úr lofti.

## Umræður og verkefni


1. Kynntu þér frumbyggjaþjóðirnar sem nefndar eru hér að ofan og berðu þær saman. Hvað er líkt með þeim og hvað er ólíkt?
2. Enginn veit nákvæmlega hvers vegna Nazca-þjóðin útbjó hundruð forma og mynda af mönnum og dýrum í Nazca-eyðimörkinni. Margar kenningar hafa verið settar fram um það hvernig þær urðu til, m.a. að geimverur hafi gert myndirnar. Skoðaðu myndir af línunum á netinu. Hvernig heldur þú að þessar línur hafi orðið til? Hvað áttu myndirnar að tákna? Eru til fleiri svona myndir annars staðar í heiminum?
3. Kynntu þér fleiri óútskýranleg fyrirbæri í náttúrunni eins og t.d. stytturnar á Páskaeypju, Stonehenge, steinsveppi í Altai-fjöllum, Preikestolen og Kjeragbolten í Noregi.



## Mayar

Eftir margra vikna ferðalag kom skip með spænskum landnemum í Karíbahafið. Vegna óveðurs sökk skipið við strendur Yucatánskaga þar sem nú er Mexíkó. Flestir drukknuðu en 12 náðu landi. Þeir voru handsamaðir af skrautlega klæddu fólki sem síðan fórnaði þeim á altari guðanna. Tveir úr áhöfninni sluppu og gátu sagt söguna um þessa þjóð, sem kölluð var Mayar.

Elstu leifar um búsetu Maya eru frá því fyrir 2500 f.Kr. Fyrstu borgirnar voru reistar um 750 f.Kr og veldið náði hátindi sínum árið 300–900 e.Kr. Samt sem áður var þar ekki ein þjóð á ferð heldur samansafn margra þjóða og borgrikja. Blómatíma þeirra lauk á níundu öld e.Kr., um það leyti sem Ingólfur Arnarson byggði bæ í Reykjavík.



*Mayar er yfirheiti sem notað var yfir fjölda skyldra þjóða sem um langan aldur byggðu syðstu fylki Mexíkó, auk Gvatemala, Belís og nyrstu hluta Hondúras og El Salvador.*





### Tímatal Maya

Samkvæmt tímatali Maya hafði heimurinn verið skapaður fyrir 23.000 árum en var í sífelldri endursköpun. Þannig töldu þeir að heimsendir yrði á 5126 ára fresti og heimurinn í kjölfarið endurskapaður. Vísindamenn nútímans reiknuðu út að samkvæmt þessu hefði síðasti heimsendir átt að vera þann 21. desember 2012.



### List Maya

Í ríki Maya var mikil listsköpun, bæði við gerð bygginga og í handverki. Til eru litríkar, stórar og óskemmdar myndir, kallaðar veggmyndir. Þær þekktustu voru málaðar um 790 e.Kr. í Chiapas fylki í Mexíkó og segja sögu af krýningu nýs konungs.

### Heiti landa

Ekvador er nefnt eftir miðbaug en höfuðborgin Quito liggur aðeins um 40 km suður af miðbaugnum.

### Heiti landa

Hondúras merkir staður mikils dýpis. Nefnt eftir djúpu hafi undan strönd landsins.

Hjá Mayum varð til háþróað myndmál, svokallaðar *hýróglifur*. Í Egyptalandi þróaðist sambærilegt myndmál án þess þó að vera nokkuð skylt myndmáli Mayanna. Þetta er eina ritmálið frá fornum menningarþjóðum Ameríku sem hefur varðveist og tekist að þýða. Við rannsóknir á því kom í ljós að innan Maya-ríkjanna ríkti mikil samkeppni um völd, þar sem hernaðarátök og ofbeldi var algengt. Borgir voru iðulega rændar til að ná í þræla eða fanga til fórnarathafna.



Táknmyndir úr stafrófi Maya eru oft notaðar sem fyrirmyndir að húðflúri. Hér er húðflúraður handleggur með stöfunum LOVE eða ást.

### Heiti landa

*Gvatemala merkir staður margra trjáa.*



Í Gvatemala eru mörg dularfull hof frá tímum Maya. Hofin eru dreifð um allt landið. Sum hofanna eru grafin djúpt inni í frumskógi landsins, til dæmis rústirnar við Tikal sem eru stærstu Maya rústir sem hafa verið uppgötvaðar.



Markmiðið í Pok-a-tok var að koma boltanum í gegn um steinhring sem festur var á vegg. Leikmenn máttu ekki snerta boltann með höndum heldur bara með fótum, mjöðmum, brjósti, höfði og öxlum.

### Um Maya:

- Bæði kynin höfðu sítt hár.
- Eftir giftingu fengu hjónin sér oft húðflúr.
- Böð þóttu mjög mikilvæg.
- Öll akuryrkja var unnin með einföldum handverkfærum, þeir höfðu ekki dráttardýr.
- Mayar voru mjög áhugasamir um gang himintunglanna og snjallir með tölur.

### Daglegt líf

Maya-ríkið náði bæði yfir láglendi og hálandi. Á láglendinu var yfirleitt steikjandi hiti en á hálandinu fór hitinn stundum vel undir frostmark. Þó að flestir íbúar hafi eflaust unnið að matvælaframleiðslu á einhvern hátt, er greinilegt að hluti fólksins starfaði við annað enda bjuggu margir í stórum borgum. Í borgunum var unnið við listsköpun, verkfræði og byggingarvinnu.

Mayar byggðu leikvanga í borgum sínum, þar sem spilaður var boltaleikur á milli tveggja liða með gúmmíbolta. Hann kallaðist *Pok-a-Tok* og er talinn vera grunnurinn að flestum boltaiþróttum nútímans. Leikirnir voru ekki aðeins skemmtun fyrir almenning, heldur líka trúarathafnir þar sem liðin léku í nafni guðanna. Sigurvegararnir voru hyltir sem hetjur en refsingin fyrir að tapa? Oftar en ekki dauði!

### Umræður og verkefni

1. Kynntu þér samfélag Maya. Hvernig voru siðir þeirra og venjur? Hvernig voru trúarbrögð þeirra?
2. Kynntu þér myndletur Maya. Um hvað skrifuðu þeir, hverjum tókst að þýða letrið og hvenær?
3. Skoðaðu vefsíður sem segja frá lífi barna í Maya-ríkinu og lýstu því með eigin orðum hvernig það var.
4. Hverjar voru reglurnar í Pok-a-Tok? Hvaða íþróttagreinum nútímans líkist hann?
5. Hver urðu endalok Maya-rikjanna?

## Aztekar



Hefurðu skoðað mexíkóska fánann? Í miðju hans er mynd af þjóðsögunni um stofnun Aztekaríkisins frá árinu 1323. Þar situr örn á perukaktusi og rífur í sig snák. Aztekum birtist sýn sem sagði þeim að halda í suður og nema ekki staðar fyrr en þeir sæju örn sitja á kaktusi að kroppa í snák. Örninn fundu þeir hjá Texcoco vatni þar sem miðborg Mexíkóborg stendur nú. Aztekaríkið var byggt af þjóð sem kallaði sig Mexíka og kom í Mexíkódalinn á 13. öld.

Aztekar voru yfirgangssöm þjóð sem vildi sífelld stækka ríki sitt. Það gerðu þeir m.a. með því að koma vinveittum mönnum til valda í næstu borgum eða skipuleggja hjónabönd þannig að ófriður væri ólíklegur á milli þjóðflokka. Þrátt fyrir slíkar tilraunir voru stríð algeng og ofbeldi mikið. Aztekaríkið var á hátindi stærðar sinnar og velgengni þegar spænsku landvinningamennirnir tóku land í Vesturheimi.

## Heiti landa

Mexíkó er nefnt eftir Mexíka-þjóðinni, sem var hluti af Aztekaríkinu. Sumir telja að nafnið sé gamalt orð fyrir sólina en aðrir að nafnið sé dregið af fornum leiðtoga Azteka. Enn önnur kenning segir að nafnið þýði „nafli mánans“ eða jafnvel „höfuðborg Azteka“.

## Umræður og verkefni

1. Kannastu við fleiri þjóðsögur sem gefa til kynna upphaf þjóða? Hver er sagan um Ísland? En Róm? Heldurðu að þessar sögur séu sannar? Hvaða rök eru með því og á móti?
2. Kynntu þér Montezuma II, síðasta höfðingja Azteka. Aflaðu þér upplýsinga um líf hans, hallir, dýragarða, sigra, endalok og annað sem þú finnur.



■ Ríki Azteka

Ríki Azteka var þar sem nú er Mexíkó og nyrsti hluti Mið-Ameríku. Þeir reistu borg sína á eyju í miðju Texocovatni og nefndu hana Tenochtitlán.

Í Aztekaríkinu var stunduð verslun með vörur úr næstu héruðum. Fólk safnaðist saman á stórum mörkuðum í þúsundatali. Til að auðvelda verslunina var notast við opinbert kerfi á verðmæti hluta sem mælt var í kakóbaunum. Baunirnar voru þá einskonar gjaldmiðill.



Plantan sem kakóbaunin vex á heitir *Theobroma cacao* sem þýðir „fæða fyrir guðina“. Kakóbaunir vaxa á trjám inni í skógum. Baunirnar eru brotnar í sundur og fræ sem eru inni í þeim eru þurrkuð. Þessi fræ eru notuð til kakóframleiðslu.



### *Hvað kostaði?*

*Kanína: 30 baunir*

*Lárpera: 1 baun*

*Kalkúnaegg: 3 baunir*

*Grasker: 4 baunir*

*Kalkúnn: 100 baunir*

*Börn til fórna eða þrældóms:  
500–700 baunir.*





### Heiti landa

*Panama er dregið af heiti þorps á svæðinu og merkir nafn þess „nóg af fiski“. Nafnið gæti einnig verið dregið af Panamatrénu.*

Öll börn áttu að ganga í skóla, jafnvel börn þræla, sem var óvenjulegt. Drengir lærðu um trúmál, hernað eða handverk á meðan stúlkur lærðu mest um heimilisstörf og handverk auk trúarbragða. Börn lærðu snemma rétta hegðun; ekki kvarta, ekki hæðast að öldruðum eða veikum og ekki trufla eða grípa fram í. Refsingar gátu verið harðar.

### Um Azteka:

- Vel var hugsað um aldraða.
- Strangar reglur giltu um klæðnað.
- Refsing við því að ganga í röngum fatnaði gat verið líflát.
- Oft var hugsað ágætlega um þræla og þeir gátu keypt sér frelsi.
- Spiluð voru teningaspil og boltaleikir til skemmtunar.

### Umræður og verkefni

1. Ímyndaðu þér dag í lífi barns hjá Aztekum, t.d. skólagöngu, mataræði, húsnæði eða leikir. Hægt að setja inn leitarorðin: aztec children.
2. Kynntu þér reglur Azteka um fatnað. Hver mátti ganga í hvaða fötum? Leitarorð: aztec clothes.
3. Kynntu þér sögu kakóplöntunnar. Hvaðan er hún upprunnin, við hvaða aðstæður vex hún best, hvernig eru kakóbaunir unnar og hvað er búið til úr þeim? Barnaþrælkun er stundum tengd við kakóbaunaræktun. Í hverju felst sú tenging og hvað er til ráða til að bæta um betur?

## Inkar



Litríkur fatnaður ofinn úr ull er einkennandi fyrir suður-amerískan vefnað.



■ Ríki Inka

Veldi Inka var í Andesfjöllum og náði yfir hluta þess svæðis þar sem nú er Kólumbía, Ekvador, Perú, Síle, Argentína og Bólvía. Höfuðborgin var Cuzco en Machu Picchu var borg í ríki Inka sem stendur í 2.430 m hæð yfir sjávarmáli.

Á 12. öld e.Kr tók þjóð að eflast og stækka út frá borgríkinu Cuzco í Andesfjöllum. Hún kallaði sig *Tawantin Suyu* sem þýðir *Hin fjögur sameinuðu ríki*, enda var ríkið samsett úr mörgum eldri menningarrikjum á svæðinu. Stjórnandinn var kallaður Sapa-Inka sem þýðir hinn eini stjórnandi eða drottari. Spánverjar kölluðu hins vegar alla þjóðina *Inka* og svo er gert enn í dag. Á aðeins 100 árum (1438–1533) margfaldaðist ríkið að stærð undir stjórn nokkurra Sapa-Inka, eins og sést á kortinu

Sapa Inka drottnaði yfir öllum þegnum sínum. Hann gat látið flytja heilu þorpin til, skipað menn í herinn og látið fólk vinna hvaða vinnu sem var fyrir ríkið. Þannig ákvað Sapa-Inkann Pachacutec að byggja nýja borg árið 1450 í um 80 km frá höfuðborginni, á nær ómögulegum stað, geysihátt í fjöllum.





Borgin Machu Picchu er vel varin af náttúrunnar hendi, með ám, klettum og gljúfrum allt í kring. Eflaust var það ástæða þess að nær

enginn vissi um tilvist hennar fyrr en bandaríski sagnfræðingurinn Hiram Bingham fann hana nánast fyrir tilviljun árið 1911.

### Heiti landa

Ýmsar skýringar hafa verið gefnar á nafni Síle. Ein þeirra er að landið sé nefnt eftir „mönnum chilli“, sem var fyrsti spænski leiðangurinn til landsins árið 1535. Önnur kenning segir að nafnið sé dregið af Tili, sem var höfðingi í landinu þegar Inkar náðu því undir sig. Einnig eru til orðmyndir af kulda, snjó og dýpi sem hljóma svipað. Margir telja að nafnið sé dregið af chilipipar, en það er ekki talið vera svo.

### Umræður og verkefni

1. Machu Picchu hefur yfir sér dularfullan blæ. Ekki er vitað af hverju íbúarnir yfirgáfu hana né af hverju hún var byggð. Ýmsar kenningar hafa verið settar fram til að skýra það út, hvað heldur þú?
2. Talið er að borgin Macchu Picchu hafi verið sjálfbær, hvernig þá?
3. Skoðaðu myndir af Macchu Picchu, hvernig heldur þú að það hafi verið að búa svona hátt uppi?

### Afkomendur Inkanna

*Quechua* fólkið sem nú býr hátt í Andesfjöllum eru beinir afkomendur Inkanna. Þjóðin lifir samkvæmt gömlum hefðum, svipað þeim sem Inkar til forna gerðu fyrir mörg hundruð árum.

Quechua konurnar leggja metnað í að vefa litrík og áberandi klæði úr lamaull. Ekki veitir af hlýjum fötum uppi í háloftum Andesfjallanna.

Quechua fólkið notar ekki nútímatækni við landbúnaðarframleiðslu, hvorki vélar né rafmagn, aðeins gamlar aðferðir.



### Heiti landa

Úrúgvæ merkir landið við Úrúgvæ ána. Mögulega gæti nafnið verið dregið af fugli, skelfiski og vatni.





## Pósturinn

Inkar byggðu upp ótrúlegt vegakerfi í Andesfjöllunum sem var notað til að flytja varning, hermenn eða skilaboð. Ungir menn voru þjálfaðir til að vera sendiboðar sem hlupu boðhlaup á milli staða. Þannig gátu skilaboð borist allt að 250 km á dag. Stundum munnleg skilaboð en önnur „skrifuð“ í hnúta ef svo má segja því þótt Inkar hefðu ekki eiginlegt ritmál geymdu þeir upplýsingar á spottum með hnútum á. Þeir voru misstórir, mismildir og mislangt á milli þeirra, allt eftir því hvað þeir áttu að tákna.



## Um Inka:

- Bændur og aðalsfólk gekk í svipuðum fötum, mest þykkum ullarfötum enda kalt á fjöllum.
- Aðeins börn ríka fólksins gengu í skóla.
- Yfirvöld fylgdust vel með að almenningur færi eftir settum reglum, t.d. þrifi húsin sín.
- Ekki máttu allir ferðast um vegakerfi Inkarikisins, aðeins hinir ríku og embættismenn.

## Umræður og verkefni

1. Hver var síðasti Sapa-Inkinn og hver urðu endalok Inkaveldisins?
2. Kynntu þér vegagerð, hnútaletur, byggingar, stallaræktun, stjörnufræði eða aðra tækni Inkanna.
3. Skoðaðu lífshætti Quechua fólksins, hvernig það aflar sér matar, býr til föt og þess háttar.

## Líkindi

Nú höfum við kynnst samfélögum Maya, Azteka og Inka hverju fyrir sig. Vissulega eru þetta stór ríki, á ólíkum stöðum og jafnvel ólíkum tímum. Samt sem áður var margt sameiginlegt með ríkjunum varðandi stjórnarfar, trúarbrögð, byggingalist, ræktun lands og fleira.

Sem dæmi bjó aðalsfólkið í betri húsum en þeir sem voru lægra settir. Þótt drengir efri stéttarinnar þyrftu yfirleitt að ganga í skóla og læra um lög eða trúarbrögð þurftu þeir lítið að vinna. Vinna almennings hélt að mestu uppi þeirra lífstíl.

Lægra sett fólk bjó í litlum húsum úr leir eða steini sem oftast var bara eitt herbergi. Lítið var um húsgögn, fléttaðar körfur og mottur til að sofa á. Fólk vann frá morgni til kvölds, helst allan vökutíma sinn. Kynhlutverk voru hefðbundin, þ.e. karlmenn fóru til vinnu utan heimilis á ökrum eða við aðra iðju. Á meðan voru konur heima og sinntu börnum, ófu og lituðu efni, saumuðu föt og sáu um mat.

### Píramíðarnir

Allar stórbjóðirnar þrjár byggðu svipaða píramíða. Þeir voru mikilvægir í trúarlegum tilgangi. Á toppi píramíðanna má oft sjá einhvers konar hof og altari þar sem trúarathafnirnar fóru fram.

#### Heiti landa

*Kosta Ríka merkir ríka ströndin. Landið var áður nefnd Gullströndin.*

*El Salvador merkir frelsarinn, nefnt eftir Jesú Kristi.*



*Píramíði Maya, Chichen Itza. Uppi á píramíðum eins og þessum var mönnum fórnað.*



**Skipulag** var eitt af aðalsmerkjum þeirra samfélaga sem náðu langt.

Hér má sjá tilgátu um hvernig höfuðborg Azteka, Tenochtitlan, leit út. Hún var byggð á 14. öld, á eyju úti í stöðuvatni í Mexíkódalnum. Inni í

henni miðri var stórt torg með þremur stórum píramídum. Talið er að yfir 200.000 manns hafi búið í borginni og var hún ein stærsta borg Ameríku á þeim tíma.

### Umræður og verkefni

1. Berðu saman Maya, Azteka og Inka; trúarbrögð, lög, stjórnarfar, listsköpun eða hvað sem þér dettur í hug. Hvað er líkt og hvað er ólíkt?
2. Kynntu þér fórnarsíði fornþjóða Ameríku.
3. Gerðu samanburð á stærð, hönnun og notkun píramíðanna í Ameríku og þeim í Egyptalandi til forna.
4. Skoðaðu borgina Tenochtitlan. Hvaða kostir og gallar fylgdu því að byggja borg umlukta vatni?

### Þegnskylduvinna

Hugtakið þegnskylduvinna kemur mjög oft fyrir í umfjöllun um frumbyggjasamfélög í Rómönsku-Ameríku. En hvað þýðir það? Það þýðir í rauninni að höfðingi getur skyldað þegna sína til að vinna það sem honum sýnist. Það gat verið að grafa skurði til að leiða vatn á akra, þurrka land og byggja stalla til ræktunar. Vinnuafli þurfti til að byggja hús, hof og minnismarki, vinna í námum, við uppskeru, stunda hermennsku og leggja vegi. Þetta var leið flestra ríkjanna til að ná svona langt í uppbyggingu og skipulagningu, ekki síst þegar kom að byggingu stórra píramíða.

## Trúarbrögð

Eins og aðrar menningarþjóðir áttu fornþjóðir Ameríku sín trúarbrögð. Þær trúðu því að guðirnir hefðu skapað heiminn og fært með því miklar fórnir. Guðirnir voru margir og tengdust náttúruöflum, frjósemi og ekki síst sólinni. Sá sem stjórnaði ríkinu var oftast talinn afkomandi eða útvalinn talsmaður guðs á jörðinni. Hann var jafnvel sjálfur álitinn guð. Þannig voru trúarbrögð notuð til að viðhalda stéttskiptingu og valdi.



Gullslegin gríma sem sýnir Inti sólarguð Inkanna.



### Sólarguðir

Inkarnir trúðu því að Sapa-Inka, leiðtogi þeirra væri sonur sólarinnar. Þeir trúðu á endurholdgun og að mennirnir ættu að lifa erfiðu lífi til að fá að njóta himnaríkis. Þeir sem lugu ekki, stálu ekki og voru ekki latir fengu að njóta himnaríkis en hinir þurftu að kveljast á kaldri jörðinni.

Aztekar töldu sig vera þjóð sólarinnar. Þeir trúðu að til að sólin gæti risið á hverjum degi yrðu þeir að gefa henni styrk með því að færa fórnir.

Einn helsti guð Inka var Viracocha sem var stundum talinn faðir sólarguðsins Intis. Viracocha var talinn hafa komið upp úr Titicacavatni. Hér er hann sýndur í leirstyttu eins og maður með hvítt hár og skegg.



## Fórnir

Hjá öllum þjóðunum sem hér eru til umfjöllunar voru fórnir mikilvægar. Fórn er þegar einstaklingar eða hópar ákveða að gefa guðunum eða einhverju yfirvaldi hluta af eignum sínum eða líf dýra og manna.

### Lífið eftir dauðann

Mayar höfðu skuggalega sýn á lífið eftir dauðann sem fólst í að ráfa um í myrkum undirheimum þar sem óvinveittir guðir gerðu þér lífið leitt. Aðeins konur sem dóu við barnsburð og þeir sem var fórnað fyrir guðina fengu beina inngöngu í himnaríki.

Fólkið áleit að guðirnir yrðu því aðeins hliðhollir með því að fórna þeim því dýrmætasta sem það átti; lífi sínu eða barna sinna. Það fórnaði jafnvel kornabörnum þegar hungursneyð ríkti eða miklir erfiðleikar stöðjuðu að. Fórnirnar fóru gjarnan fram ofan á píramídum því það var næst guðunum.

Talið er að í sumum tilfellum hafi verið mikill heiður að vera fórnað fyrir guðina. Um val á fórnarlömbum er ekki mikið vitað. Aztekar voru sennilega afkastamestir í mannfórnum. Við vígslu Azteka á Hofinu mikla í Tenochtitlan er talið að allt að 20 þúsund stríðsföngum hafi verið fórnað í einu.

## Heiti landa

Níkaragva er samansett nafn, annars vegar dregið af höfðingja af svæðinu „Nícar“ og hins vegar „agua“ fyrir vatn.

Níkaragva-vatn er geysistórt stöðuvatn.

## Umræður og verkefni

1. Hvaða dæmi í mannkynssögunni eru til um að kóngar telji vald sitt komið frá guði?
2. Berðu saman trúarbrögð fornu menningarþjóðanna, hvað er líkt og hvað er ólíkt?
3. Kynntu þér sögurnar á bak við fórnir. Hvaða ástæður eru gefnar fyrir fórnum í ólíkum trúarbrögðum?
4. Berðu saman trúarbrögð í Ameríku á þessum tíma og ásatrú. Hvað er líkt og hvað er ólíkt?

## Útlit og tíska



Fornþjóðirnar þrjár sem hér er fjallað um höfðu sína sérstöku siði og menningu. Hugmyndir um útlit og fegurð áttu sinn stað í menningunni og ýmislegt var gert til að öðlast eftirsóknarvert útlit. Öll samfélögin voru mjög stéttskipt og fáir voru ríkir en margir fátækir. Helst var það fólk-ið í efri stéttunum sem breytti útliti sínu til að hefja sig upp yfir almúgann.

Eins og áður hefur komið fram notuðu Aztekar fatnað til að greina á milli stéttanna. Hjá Mayum þóttu þeir sem voru með stór nef eða rangeygir



*Höfuðskraut Montezuma II, höfðingja Azteka.*

sérstaklega laglegir. Foreldrar reyndu að gera börn sín rangeygð með því að hengja smáhlut í spotta rétt við nefið á þeim þegar þau voru ungabörn.

Einnig þekktust svipaðir hlutir og eru vinsælir í dag þó í aðeins ýktari útgáfum. Göt í tungu, eyru eða aðra líkamsparta voru gerð með því að draga þyrni eða spýtu í gegnum líkamshlutana. Húðflúr var algengt, sérstaklega hjá karlmönnum.

Höfuðskraut með skrautlegum fuglsfjöðrum var algengt hjá frumbyggjum. Hjá Aztekum mátti aðeins fólk úr efstu stétt skreyta sig með fjöðrum.

Höfuðskrautið lifir enn góðu lífi í búningaskreytingum á kjötkveðjuhátíðum víða um álfuna.





## Útlitið skipti máli

Efsta stétt Inka og Maya breytti útliti sínu með því að vefja klút þétt um höfuð nýfæddra



barna sinna. Þannig gátu þeir breytt lögun mjúkrar höfuðkúpunnar og fengið flatara og hærra enni, sem þótti eftirsóknarvert og sýndi greinilega hverjir voru æðri hinum.

## Heiti landa

Venesúela merkir Litlu-Feneyjar. Á ítölsku nefnast Feneyjar Venezia. Á Maracaibo vatni byggðu íbúar húsín sín á trjádrumbum og sú byggð minnti landkönnuðina Ojeda og Vespucci á byggðina í Feneyjum.

## Umræður og verkefni

1. Geturðu fundið önnur samfélög sem skreyta höfuð sín með fjöðrum?
2. Hvernig eru fegurðar- og útlitshugmyndir nútímans? Hvernig skreytum við líkama okkar og breytum honum?
3. Finndu fleiri dæmi um hvernig Mayar, Aztekar og Inkar skreyttu sig eða fylgdu tískunni.
4. Kynntu þér hefðir og siði í kringum kjötkveðjuhátiðir.

## Herinn



*Inkaher á faraldsfæti eftir hinu margslungna vegakerfi þeirra. Þeir höfðu enga hesta heldur voru lamadýr einu burðardýrin.*

Þegar þeirra þjóða sem við höfum fjallað um voru yfirleitt litlir friðarsinnar. Ráðamenn notuðu hermenn og ofbeldi miskunnarlaust til að auka völd, stækka ríki, bæla niður uppreisnir eða hreinlega að ná í stríðsfanga til að fórna fyrir guðina. Í öllum ríkjunum var lögð áhersla á mikilvægi hermennskunnar og virðing var borin fyrir stríðsmönnum. Flestir drengir fengu einhverja herþjálfun og þeirra æðsti draumur var oftast en ekki að fá að taka þátt í bardögum.

Hjá Aztekum og Mayum var ekki til staðar atvinnuher. Samt var hægt að kalla út þjálfaða menn til bardaga hvenær sem á þurfti að halda. Í Inkaríkinu var skipulagið hins vegar meira og þúsundir manna höfðu hermennsku að atvinnu.

Talið er að Inkaherinn hafi talið allt að 200.000 manns þegar mest var.


Stærsta rándýr álfunnar er jagúarinn. Hann hafði mikla þýðingu í stríðsrekstri Maya og Azteka því hann var táknið hans mikla hermanns. Jagúarstríðsmenn

Azteka voru sérsvæit hermanna sem klæddist jagúarfeldum og fjaðraskúf. Þeir voru meðal annars notaðir til að handsama fólk til fórna.




## Vopn

Vopnin voru yfirleitt þannig að þeim varð að beita í návígi, eins og hnífar, sveðjur, kylfur og spjót. Margir voru samt leiknir í að beita slönguvaði eða steinslöngvu.




Ekki er til íslenskt nafn yfir þetta vopn. Það samanstendur af þremur þráðum með steinum á endunum. Þetta var notað til að koma höggi á óvininn. Getur þú gefið því heiti?



Hér má sjá einhvers konar kylfu með hálfgerðum göddum á endanum. Notuð til að valda sárum, því ekki var hún mjög þung.



Hér má sjá tinnuhnífa sem virka líkt og sverð. Gaddar eru á hliðunum sem geta sært óvininn en megnið af vopninu er úr viði.




Steinslöngvur þekktust líka í gamla heiminum. Ein þekktasta frásögn Gamla testamentisins, af bardaga Davíðs og Golíats, snýst að mestu um svona steinslöngvu þar sem Davíð sigrar risann Golíat með því að slöngva lítilli steinvölu af svo miklu afli í enni Golíats að hann lét lífið.

### Umræður og verkefni

1. Kannaðu hvort þú getir fræðst um herþjálfun barna í ríki Maya, Azteka eða Inka.
2. Kynntu þér vopn Evrópumanna um árið 1500. Hvað er ólíkt með þeim og vopnum fornu menningarþjóðanna í Rómönsku-Ameríku?
3. Hvernig vopn gætir þú hannað með tækni Maya, Azteka eða Inka?

## Húsdýr



### Heiti landa

*Brasilía er nefnt eftir algengu tré í landinu, rauðviði sem er sterk og endingargóð viðartegund.*

*Súrínám er nefnt eftir frumbyggjum á svæðinu, Surinen. Þeir eru elsta þekktu þjóðin í norðurhluta S-Ameríku.*

Ekki er hægt að segja að fornu menningarþjóðirnar hafi haldið mikið af húsdýrum enda lifðu flestir á korni, baunum og rótarávöxtum. Algengustu dýrin voru kalkúnar, naggrísir, alpaca og lamadýr.

Lamadýr voru aðallega ræktuð sem burðardýr enda eru þau sterk og dugleg ef þau ákveða að gera eins og þú segir. Þau eru ein af fáum tegundum stórra, villtra spendýra í S-Ameríku.

Oft eru lamadýr látin ganga með öðru búfé, því mörg þeirra haga sér eins og góðir varðhundar. Með því að vekja athygli á hættu sem stöðjar að hjörðinni, elta óvininn og sparka í hann eða bíta, getur lamadýrið varist einstaka árásárdýrum eins og refum og villihundum en síður ef hópar ráðast á hjörðina.

Lamadýr eiga það til að spýta á fólk ef þau eru hrædd, eða finnst þeim ógnað.



*Alpacadýrin hafa mjög fjölbreytta litaflóru.*

Alpacadýr eru mun minni en lamadýr og voru ræktuð vegna dúnmjúkrar ullarinnar sem vex mjög hratt. Þess vegna líta þau stundum út eins og bangsar. Ef þú ferð í handavinnubúð geturðu eflaust fundið þar silkimjúkt band úr alpaca-ull.

Báðar tegundirnar eru af ætt kameldýra, eru greindar og auðveldlega hægt að temja þær. Það má segja að alpaca- og lamadýrin í Andesfjöllunum hafi haft svipaða þýðingu fyrir fólkið þar eins og sauðkindin á Íslandi, að fæða og klæða.

### **Svartir kalkúnar**

Frumbyggjar voru farnir að rækta kalkúna um 800 árum fyrir Krist. Þeir eru hænsnfuglar sem eru skyldastir fashönum, á stærð við gæsir en mun kjötmeiri.



### **Naggrísir**

Farið var að halda naggrísi sem húsdýr í Andesfjöllunum 2000 árum fyrir Krist og voru þeir kjötmeti lægri stétta. Þeir eru auðveldir í ræktun, éta matarafgangna og fjölga sér hratt. Þeir eru enn töluvert ræktaðir á svæðinu.

Naggrísinn var aðallega ræktaður til matar en líka notaður við trúarathafnir, til að greina sjúkdóma og til lækningar. Naggrís var nuddað upp við allan líkama sjúklingsins svo hann gæti dregið í sig upplýsingarnar um hvað ylli veikindunum. Að því loknu var naggrísinn drepinn og anda-læknir átti að geta sjúkdómsgreint sjúklinginn með því að skoða innfyli naggríssins. Svartir naggrísir áttu að vera sérstaklega góðir til lækninga.

### *Umræður og verkefni*

1. *Hver er munurinn á lamadýri og alpaca?*
2. *Kynntu þér litskrúðug föt fólks í S-Ameríku sem eru þrjónuð úr ull lamadýra. Hvaða mynstur eru algeng og hvaða litir?*
3. *Hvar heldur þú að hafi verið best að búa sem barn, hjá Mayum, Aztekum eða Inkum? Hvers vegna?*

## Matur og ræktun

Suður-Ameríka er stór heimsálfa með fjölbreytt landslag og veðurfar þar sem hægt er að rækta nær allt milli himins og jarðar.

Stallaræktun Inkanna gerði þeim kleift að nýta brattar brekkur Andesfjalla til ræktunar. Fjöllin eru há og það getur munað mikið um þúsund metra hæðarmun. Við fjallsrætur þar sem jarðvegur er frjósamastur eru ræktaðir ávextir. Ofar er hægt að rækta maís, þar fyrir ofan kartöflur. Lama- og alpacadýr eru hæst uppi þar sem jarðvegurinn er snauðastur.

Matur var víða mjög fjölbreyttur en byggðist samt að stórum hluta upp á maís sem var malaður í mjöl og notaður í flestar tegundir matar.



*Taco, áhrif Maya og Azteka á mat nútímans.*

Matseðillinn hjá Mayum og Aztekum var svipaður mexikóskum mat eins og hann er í dag. Fiskur, kalkúnn, slöngur, endur, avókadó, baunir, tómatar, chili pipar og fleira var vafið inn í þunna maísköku (tortilla).

### Heiti landa

*Argentína merkir silfurland. Dregið af því þegar glitrar á silfur. Argenta þýðir silfur á latínu en Argentína er eins konar kvenkyns orðmynd af því, gæti verið þýtt sem Silfra eins og gjáin á Þingvöllum.*





## Vissir þú að þessi matur kom til þín frá Ameríku?

- |                |               |                            |                                     |
|----------------|---------------|----------------------------|-------------------------------------|
| – kartafla     | – tómatar     | – eggaldin                 | – sólblómaolía                      |
| – sæt kartafla | – lárpera     | – ýmsar tegundir af baunum | – kakó og þar af leiðandi súkkulaði |
| – maís         | – chili pipar |                            |                                     |

Matseðill íbúa Andesfjalla samanstóð af maís, kartöflum og öðru rótargrænmeti. Kjötið kom af lamadýrum, kalkúnnum og naggrísum. Þar sem hægt var að veiða í ferskvatni var silungur mikið borðaður. Á blautari svæðum fjallanna var hægt að rækta banana, appelsínur og sykurrey.

Við strendur veiddist hitabeltisfiskur, humar og túnfiskur.

## Vissir þú að ...

- Hjá Inkum var séð um að allir fengju nóg að borða, líka aldraðir og þeir sem ekki gátu unnið?
- Mayar eiga heiðurinn af súkkulaðinu sem þeir töldu vera gjöf frá guði?
- Mexíkó er enn einn stærsti maísframleiðandi heims?
- Til eru yfir 50 tegundir af maís í alls konar litum?
- Líklega voru Aztekar fyrstir til að tyggja tyggjó úr náttúrulegu gúmmí?

### Heiti landa

*Belís er nefnt eftir landkönnuðinum Wallace. Spænskumælandi fólk á í erfiðleikum með að greina á milli b-hljóðs og v-hljóðs í germönskum tungumálum.*

### Umræður og verkefni

1. Hvað er capybara, peccary og paca?
2. Útbúðu máltíð sem inniheldur aðeins hráefni sem er upprunnið í Ameríku.
3. Hvað er búið til úr maís í nútímamfélögum? Ekki gleyma maíssterkjinni!

## Landafundakapphlaupið



*Kólabus hélt á fund konungs og drottningar Spánar, þeirra Ferdínands og Isabellu og samþykktu þau að styrkja ferð hans til Ameríku. Kólabus útvegaði sér þrjú skip, Niña, Pinta og Santa María.*

Aðeins tveimur árum eftir að Kristófer Kólabus sigldi fyrst til Ameríku árið 1492 voru Portúgalir og Spánverjar farnir að deila um hvor þjóðin fengi að eigna sér nýju löndin. Páfinn í Róm var beðinn um að stilla til friðar á milli konunga Portúgals og Spánar. Til að koma í veg fyrir átök á milli landanna, ákvað hann að best væri að draga lóðréttu línu eftir hnattlíkaninu. Línan var kölluð Tordesilla línan, eftir spænska bænum þar sem samkomulagið var staðfest. Spánn skyldi fá að nema land vestan megin línunnar og Portúgal fékk sömu réttindi austan við þessa línu.



*Austan megin við Tordesilla línuna er töluð portúgalska en spænska vestan megin.*

Nú gátu portúgalskir og spænskir ævintýramenn og sæfarar kannað lönd án þess að lenda í deilum hver við annan. Þessi lína útskýrir að

### Heiti landa

*Bólívía er nefnt eftir frelsishetjunnni Simon Bolívar sem barðist hetjulega í frelsisstríðum S-Ameríku. Nafnið merkir land Bolívar.*



hluta til hvers vegna portúgalska er opinbert tungumál í Brasilíu en spænska annars staðar í Rómönsku-Ameríku.



### Vissir þú að ...

Hluti ástæðunnar fyrir gengdarlausum könnunarleiðöngurum Evrópumanna í nýja heiminum var þjóðsagan um El Dorado. Það er spænska og þýðir „sá gullni“. Allir vissu að gull og silfur var að finna víða í álfunni því margir frumbyggjar skreyttu sig með því. En draumurinn um að finna heila borg úr gulli heillaði mikið. Þannig óx orðrómurinn um hina týndu gullborg upp í að um heilt konungsríki væri að ræða. Bæði gull og silfur fannst í námum en borgin er enn ófundin.

Það liðu innan við 50 ár frá því að Spánverjar komu fyrst til nýja heimsins og þangað til þeir höfðu sigrað og lagt undir sig bæði Aztekaríkið og Inkaríkið. Samt var herlið Spánverja margfalt minna en innfæddra. Hvernig var það mögulegt?

### Heiti landa

*Paraguay er líklega dregið af heiti ættbálks á svæðinu, Payagua. Einnig gæti nafnið merkt „krýnd á“ þar sem para þýðir á og guai þýðir kóróna eða eitthvað slíkt. Væntanlega vísar það til mikilfengleika árinna. Ein kenning enn segir að nafnið gæti þýtt „áin sem kemur úr vatninu“ en landfræðilega stenst það, því í gegnum landið rennur á sem kemur úr vatni og á uppruna sinn í Brasilíu.*

### Umræður og verkefni

1. Kynntu þér ferðir og störf landvinningamannsins Francisco Pizarro.
2. Hvernig fór landvinningamaðurinn Hernán Cortes að því að sigra Azteka?
3. Kynntu þér nánar þjóðsöguna um El Dorado.

## Að lokum



Hér lýkur þessu ferðalagi um forn ríki Rómönsku-Ameríku. Hinar merku fornþjóðir töpuðu völdum sínum í hendur Spánverja. Þeir tóku til við að vinna og flytja gull og silfur úr námunum sem fundust, til Evrópu. Spánverjar boðuðu kaþólska trú af miklu kappi og eyðilögðu mikið af fornminjum sem tengdust trúarbrögðum innfæddra. Heimamenn tóku kristninni ekki alltaf vel, heldur blönduðu trúnni saman við siði og venjur sem fyrir voru. Á 19. og 20. öld fengu ríki Suður- og Mið-Ameríku flest öll sjálfstæði frá Spáni og Portúgal og hafa ráðið sér sjálf síðan.

### Heiti landa

*Kenningar eru uppi um að nafnið Perú sé dregið af orðinu beru, sem þýðir á. Einnig er talið að nafnið sé dregið af höfðingja sem sagði nafn sitt þegar landkönnuðir spurðu hann hvað landið hét.*

### Heiti landa

*Kólumbía fær nafn sitt frá hinum þekktu landkönnuði Kristófer Kólumbusi.*

Á 21. öld er Rómanska-Ameríka að mörgu leyti á uppleið þótt ýmsir erfiðleikar steðji að íbúum álfunnar. Þar er helsta framleiðsluvæði sterkra fíkniefna og þau rata síðan á markaði á Vesturlöndum og valda þar miklu böli, rétt eins og í heimalöndunum. Jarðskjálftar eru tíðir vestan Andesfjalla og hafa hundruð þúsunda mannlífa glatast í þeim síðustu aldir. Þrátt fyrir það standa mörg mannvirki Maya, Azteka og Inka enn uppi.

## Góð ráð við lestur námsbóka!

### Kæri nemandi

Allir námsmenn þurfa að temja sér góðar námsvenjur. Hér eru góð ráð sem gætu hjálpað þér við lestur.

### Áður en þú byrjar lesturinn

- Skoðaðu bókina vel, myndir, kort og gröf. Um hvað fjallar bókin? Hvað veist þú um efnið?
- Lestu efnisyfirlit og kaflaheiti.

### Á meðan þú lest

- Finndu aðalatriðin. Stundum er gott að skrifa hjá sér minnispunkta.
- Spurðu um það sem þú skilur ekki, til dæmis orð og orðasambönd.

### Eftir lesturinn

- Veltu fyrir þér aðalatriðum og hvaða atriði skipta minna máli.
- Lestu textann aftur.
- Rifjaðu upp það sem þú last, hugsaðu um hvað þú hefur lært og reyndu að endursegja með eigin orðum.

## Myndalisti ©

Nordicphotos/Getty 20

<http://www.historyonthenet.com> 7 t.h.

<http://militaryhistorynow.com> 24 e.

[www.blurryphotos.org](http://www.blurryphotos.org) 31

Shutterstock.com kápa, 1, 5, 7 t.v., 10, 13, 14, 15, 16, 17 t.h., 22 t.v., 26, 27 e., 28, 29

Wikipedia 18, 19, 23 e.t.v., 27 n.

Wikimedia commons 8, 9, 12, 17 t.v., 21, 22 t.h., 23 t.h., 30, 32



## RÓMANSKA-AMERÍKA

Þemaheftið Rómanska-Ameríka fjallar stuttlega um líf fólks í Mið- og Suður-Ameríku frá landnámi, fram til ársins 1500. Stiklað er á stóru um lifnaðarhætti og trúarbrögð þriggja stærstu samfélaganna á svæðinu, Inka, Azteka og Maya. Einnig er hernám Evrópumanna skoðað og áhrif þess á innfædda. Bókin hentar einkum nemendum á mið- og unglingastigi grunnskóla.